

25. Framlagt var brjef frá hjeraðslækni Fr. Zeuthen, dags. 2. júlí þ. á., þar sem hann óskar að sjer verði veittur 100 kr. styrkur af jafnaðarsjóði amtsins, til þess að sækja læknafund í Reykjavík 27. þ. m. Amtsráðið sá ekki fært að veita þenna styrk. 107

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var svo fundi slitið.

Páll Briem. Einar Jónsson. Sigurður Einarsson. Árni Kristjánsson.

Doggr. Þórðarson.

Skrifstofu Austuramtsins 13. júlí 1896.

Páll Briem.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bann gegn innflutningi á lifandi peningi til Bretlands. — Samkvæmt tilkynningu frá utauríkisráðaneytinu hefur frumvarp til laga um bann gegn innflutningi lifandi penings («the Contagious Diseases (Animals) Bill») hinn 9. þ. m. verið samþykkt við 3. umræðu í efri málstofunni á Englandi með 82 atkvæða mun, og verður því að lögum, þegar frumvarpið hefur öðlzt undirskript drottningarinnar. Nefnt ráðaneyti getur þess um leið, að lögini eigi að öðlast gildi 1. janúar 1897, og hafi stjórnin sett það tímaákvæði í lögini vegna Íslands og Noregs, í viðurkenningarskyni fyrir það, að lönd þessi nú sem stendur sju laus við (alla) næma sjúkdóma, og til þess að gefa þeim ráðrúm til að leita úrræða gegn afleiðingum innflutningsbansins. 109

Með skírskotun til fyrri brjefa ráðaneytisins snertandi málefni þetta, hið síðasta dagsett 17. f. m., er yður, herra landshöfðingi, þetta þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, um leið og yður skal falið að birta hið nauðsynlegasta í þessu efni á þann hátt, er yður þykir bezt henta. 27. júlí

Reikningur

110

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1895.

Tekjur:

I.	Í sjóði við árslok 1894:	kr. a.	kr. a.
a.	Í ógoldnum fyrirframborgunum frá 1885	81	97
b.	Oborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Suður-Múlasýslu	217	10
c.	Í peningum	1526	30
II.	Niðurröfnun á lausafje í amtinu 20 aura á hvert gjaldskylt hundrað		2114 30
III.	Endurgoldnar fyrirframborganir:		
	Fyrir selda karbólsýru á Húsavík 95— ¹¹ / ₁₆ telst hjer.		0 14
		Samtals kr.	3939 81